

3

3. jan.

## AUGLÝSING

um notkun heimildar laga nr. 67 30. desember 1943, um innheimtu á ýmsum gjöldum árið 1944 með viðauka.

Hér með auglýsist að ákvæðið hefur verið að nota heimild laga nr. 67 30. des. 1943 og innheimta með 40% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem eru taldar í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921, og síðari lögum, sem hafa ákvæði um stimpilgjald.

Viðaukinn reiknast á þann hátt, sem segir í 2. gr. fyrrnefndra laga.

*Fjármálaráðuneytið, 3. janúar 1944.*

F. h. r.

Magnús Gíslason.

*Einar Bjarnason.*

4

4. jan.

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa, nr. 74 7. desember 1923.

1. gr.

Meðan núverandi styrjöld í Norðurálfu stendur yfir skulu einkaleyfi, sem veitt hafa verið hér á landi erlendum firmum eða einstaklingum, haldast í gildi, enda þótt frestur sá, sem tilgreindur er í niðurlagi 5. gr. reglugerðarinnar, um greiðslu lögskipaðs gjalds fyrir einkaleyfi, sé útrunninn og gjald ekki greitt.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til einkaleyfa þeirra firma og einstaklinga á meginlandi Norðurálfu, sem til þessa mundu hafa fallið úr gildi sökum þess að greiðsla hefur ekki getað farið fram af völdum styrjaldarinnar.

2. gr.

Sé gjaldið ekki greitt áður en sex mánuðir eru liðnir frá þeim degi, sem vopnahlé í núverandi Evrópustyrjöld verður samið, skal einkaleyfið falla úr gildi.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 12 20. júní 1923, um einkaleyfi, til þess að öðlast þegar gildi og birtast öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. janúar 1944.*

Vilhjálmur Þór.

*Páll Pálmason.*